

Reykjavík 6. júní. 2013

Skipulags- og byggingarsvið.
B/t Bjarka Jóhannessonar
Norðurhelli 2
220 Hafnarfjörður.

Málefni: Íbúðakjarni að Klukkuvöllum 23 -27, – umsókn um lóð.

Ás styrktarfélag og Hafnarfjarðarbær hafa skrifað undir yfirlýsingu um samvinnu aðila vegna uppbyggingu búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði. Ás kemur til með að sjá um framkvæmd og þjónustu þegar þar að kemur í íbúðakjörnum/íbúðasambýlum. Verkefnastjórn hefur verið skipuð af báðum aðilum.

Með þarfir hópsins í huga höfum við skoðað lóð að Klukkuvöllum 23 - 27.

Hér með er óskað eftir því að fá lóð að Klukkuvöllum 23 -27 sem eina lóð til byggingar einnar hæðar íbúðakjarna fyrir fólk með þroskaskerðingu og líkamlegar fatlanir.

Samhliða lóðarúthlutun er óskað eftir deiliskipulagsbreytingu samkvæmt þessu vegna sameiningu lóða.

Arkitektar að húsiniinu verður AVH þar sem Anna Margrét Hauksdóttir er tengiliður.


Félagið á teikningu af slíkum kjarna sem nú er í byggingu að Lautarvegi 18 í Reykjavík. Sú teikning gengi auðveldlega inn á lóðir merktar Klukkuvöllum 23 – 27, með tiltölulega litlum breytingum sem þýðir að hægt væri að hefja byggingu í lok sumars eða byrjun hausts 2013 gangi ferli vel fyrir sig.

Ekki er nauðsynlegt af hálfu félagins að nýta allt svæðið sem snýr að Hnappatorgi.

Ás styrktarfélag hefur langa reynslu af byggingu húsnæðis fyrir fatlaða og leggur upp úr því að slík hús séu í almennum íbúðarhverfum séu til sóma í götumyndinni og hafi gott aðgengi.

Við lóðarúthlutanir hjá félaginu í Reykjavík hefur það notið sérstakrar velvildar og fyrirgreiðslu. Verulegur afsláttur hefur verið gefin af lóðarverði og gatnagerðargjöldum.

Óskum við einnig hér með eftir slíkum velvilja af hálfu Hafnarfjarðarbæjar í ljósi hagsmuna þess verkefnis sem aðilar eru að hefja vegferð í.



Lóðarumsækjandi er:

Ás styrktarfélag kt. 630269 0759
Skiopholti 50c
105 Reykjavík.

Ábyrgðaraðili umsóknar er framkvæmdastjóri félagsins:

Þóra Þórarinsdóttir kt. 021159 7519
Hrauntungu 63
200 Kópavogur

Við vonum að þessari beiðni okkar verði vel tekið og óskum eftir afgreiðslu hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst

F.h. Áss styrktarfélags

Ás styrktarfélag
Þóra Þórarinsdóttir

Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Afrit sent: Aðilum í verkefnisstjórn f.h. Hafnarfjarðarbæjar: Gerði Guðjónsdóttur, fjármálastjóra
Hafnarfjarðar, Hrönn Hilmarsdóttur, verkefnistjóra fjölskyldusviði og Sigurði Haraldssyni á Skipulags- og
byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar.